


# JAFNRÉTTISBARÁTTAN

Kennsluefni fyrir eldri nemendur í grunnskóla





Þetta kennslufni er hluti af meistara verkefni við Kennaradeild Menntavísindasviðs Háskóla Íslands.  
Birt 2015 á vef Kvenréttindafélags Íslands.

Höfundur: Þóra Þorsteinsdóttir  
Leiðbeinandi: Berglind Rós Magnúsdóttir  
Útlit og myndskreytingar: Þórey Mjallhvít Heiðar og Ómarsdóttir  
Vefari: Brynhildur Heiðar og Ómarsdóttir  
Prófarkalestur: Sigurlín Bjarney Gísladóttir.

Sérstakar þakkir fyrir liðsinni fá Auður Styrkársdóttir, Þorgerður Þorvaldsdóttir, Auður Magnús Auðardóttir, Kristín Jónsdóttir, Hugleikur Dagsson, Ragna Steinarsdóttir og Sigurgeir Finnsson.  
Verkefnið var styrkt af framkvæmdanefnd um 100 ára kosningarétt kvenna, Menningar- og minningarsjóði kvenna og Ljósmyndasafni Reykjavíkur.

# Jafnréttisbaráttan

kennsluefni fyrir eldri nemendur  
í grunnskóla

## Ágæti kennari

Það er ekki sjálfgefið að samfélagið sé eins og það er í dag. Það er stundum talað um að hlutirnir séu að þokast í rétta átt og þetta sé nú allt á góðri leið. En við erum ekki í rúllustiga og aukið jafnrétti kemur ekki af sjálfu sér. Jafnrétti eykst vegna þess það er fjöldi fólks sem er að vinna að jafnrétti á fjölmörgum vígstöðvum. Það er fólk sem sættir sig ekki við óútskýrðan launamun, lægri fjárveitingar til kvenlífróttaliða eða minni virðingu fyrir því sem kallað er kvennastörf. Það sættir sig ekki við fordóma eða fyrirframgefnar hugmyndir um hvað það getur eða hverju það hefur áhuga á.

Kennsluefnið er hluti af meistara verkefni mínu við Kennaradeild Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Leiðbeinandi minn er Berglind Rós Magnúsdóttir, Þórey Mjallhvít Heiðar og Ómarsdóttir er myndskreytir, vefari er Brynhildur Heiðar og Ómarsdóttir og kann ég þeim bestu þakki fyrir. Kvenréttindafélagi Íslands færði ég einnig mínar bestu þakki fyrir ómetanlegt starf í þágu kvenna. Verkefnið var styrkt af framkvæmdanefnd um 100 ára kosningarétt kvenna, Menningar- og minningarsjóði kvenna og Ljósmyndasafni Reykjavíkur.

Kennarar gegna mjög mikilvægu hlutverki í jafnréttisbaráttunni og með lýðræðislegum kennsluháttum sem stuðla að gagnrýnislæsi geta þeir breytt heiminum. Ira Shor, spekingur í fræðunum um gagnrýnislæsi, lýsti því sem svo að gagnrýnin kennsla byði nemendum að íhuga nýjar leiðir í stað þess að falla hljóðlaust inn í heiminn eins og hann er í dag. Kennarar þyrftu að benda á að heimurinn er ekki greypur í stein, hann er óklárað verkefni (Shor, 1999). Þetta eru þær hugmyndir sem liggja til grundvallar þessu kennsluefni um jafnréttisbaráttu. Ég vona að efnið muni reynast ykkur vel.

*Kveðja Þóra Þorsteinsdóttir  
kennaranemi og kynjafræðingur*

## Um Kennsluefnið

Nám um jafnréttisbaráttu veitir nemendum mörg tækifæri til að taka þátt, tjái sína skoðun og þjálfa lýðræðisleg samskipti. Ef áhugi nemenda er vakinn þá haldið neistanum gangandi og sjáið hvert það leiðir ykkur. Leiðbeinið nemendum og styðjið þau í að koma á framfæri sinni sýn á heiminn. Hlustið á nemendur og virðið ólíkar skoðanir. Reynið að skapa traust í nemendahópnum og afslappaðar umræður. Það er gott að styðjast við handbókina Listin að spyrja. Þar eru mörg góð ráð t.d. ekki spyrja já og nei spurninga og gefið nemendum ráðrúm til að íhuga svarið (Ingvar Sigurgeirsson, 1998). Væntið þess að það muni koma upp álitamál, takið þeim fagnandi sem merki þess að þér hafi tekist að virkja nemendur. Tilfinningar eins og reiði eru eðlilegar þegar verið er að fjalla um misrétti. Reiði getur verið hreyfiafl sem má virkja á jákvæðan máta. Ekki eyða ágreiningi, reynið að nýta hann sem námstækifæri og skoðið þessi erfiðu málefni nánar. Styðjast má við umjöllun Ólafs Páls Jónssonar (2011) um að leysa ágreining án slagsmála. Þar vitnar Ólafur í Dewey: „Með því að taka sérhvern ásteytingarstein ... inn í umhverfi rökræðu og skynsemi, þá litum við á þá sem við eigum í ágreiningi við – jafnvel djúpstæðum ágreiningi – sem einstaklinga sem við getum lært af ...“ (1998 [1939]).

Kennsluefnið er ætlað efri bekkjum grunnskóla 5.-10. bekk. Það samanstendur af sex æfingum og einu hópverkefni og Hver æfing stendur sjálfstætt og því er frjálst að velja og nýta eitt verkefni. Stök æfing gæti átt heima í námsgreinum eins og samfélagsfræði, sögu, íslensku og stærðfræði. Séu verkefni tekin saman standa þau sem heilt kynjafræðinámskeið sem hefst á sex æfingum sem allar miða að því að æfa nemendur í að geta unnið að hópverkefni sem ber heitið „Þetta er ekki æfing“. Hópvinnuaðferðina má kynna sér í Litrófi kennsluáferðanna (2013) undir heitinu efniskönnun í vinnuhópum. Kjarninn í hópverkefninu er að nemendur starfi saman að því að gera verkefni sem þeim finnst mikilvægt. Nemendur eiga að reyna að hafa áhrif á umhverfi sitt og beyta sjálfstætt þeim verkfærum sem æfingarnar hafa látið þeim í hendur.

Í þessari prentvænu útgáfu af kennsluefninu má finna kennsluáætlanir fyrir æfingarnar og hópverkefnið, með tilheyrandi hæfniviðmiðum, lýsingum á nauðsynlegum gögnum. Framkvæmd kennslustundarinnar er lýst í skrefum. Það er tillaga að námsmati og að lokum er fræðilegur rökstuðningur. Hæfniviðmiðin eru unnin upp úr hæfniviðmiðum fyrir samfélagsgreinar í Aðalnámskrá grunnskóla (2013) og sömuleiðis námsmatid sem er í bókstöfum eins og námskráin gerir ráð fyrir. Á vef Kvenréttindafélagsins eru rafræn námsgögn sem ekki rúmast í þessu prentvæna pdf. skjali. Á vef Kvenréttindafélagsins eru tenglar að youtubemyndböndum, útprentanleg verkefni, myndir eða glærur. Þar eru einnig tillögur að frekara efni til að skoða og tenglar á vefi með góðum upplýsingum.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Dewey, John. (1998 [1939]). Creative Democracy – The Task Before us. Í The Essential Dewey: Volume 1: Pragmatism, Education, Democracy (bls. 340- 343). Bloomington: Indiana University Press.

Ingvar Sigurgeirsson. (1998). Listin að spyrja: Handbók fyrir kennara. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Ingvar Sigurgeirsson. (2013). Litróf kennsluáferðanna. Reykjavík: Iðnú.

Ólafur Páll Jónsson. (2011). Að leysa ágreining án slagsmála. Í Lýðræði, réttlæti og menntun: Hugleiðingar um skilyrði mennskunnar (bls. 41-66). Reykjavík, Háskólaútgáfan.

Shor, Ira. (1999). What is critical literacy. Journal for Pedagogy, Pluralism and Practice, 1(4). <http://www.lesley.edu/journal-pedagogy-pluralismpractice/ira-shor/critical-literacy/>

# Efnisyfirlit

<b>Staðalímyndir á færibandi: Æfing 1</b> .....	<b>6-10</b>
Framkvæmd fyrri hluti (40 mín.) .....	6
Framkvæmd seinni hluti (40 mín.) .....	7
Verkefni um Narfa og Hallgerði .....	8-9
Rökstuðningur .....	10
<b>Alvöru vinátta: Æfing 2 (fyrir kynjaskiptan hóp)</b> .....	<b>11-12</b>
Framkvæmd (40 mín.) .....	11
Rökstuðningur .....	12
<b>Fyrirmyndarfólk: Æfing 3</b> .....	<b>13-14</b>
Framkvæmd (80 mín.) .....	13
Viðtalsspurningar .....	13
Rökstuðningur .....	14
<b>Að verða sjálfbjarga: Æfing 4</b> .....	<b>15-17</b>
Framkvæmd (80 mín.) .....	15
Kannanir til að leggja fyrir nemendur .....	16
Rökstuðningur .....	17
<b>Sagan sem hefur ekki verið skrifuð: Æfing 5</b> .....	<b>18-21</b>
Framkvæmd (40-60 mín.) .....	18
Athuga - ígrunda - spyrja .....	19
Upplýsingar um ljósmyndir .....	20
Rökstuðningur .....	21
<b>Barátta sem breytir heiminum: kosningaréttur og kvennafrídagurinn: Æfing 6</b> .....	<b>22-25</b>
Kvennafrídagurinn (80 mín.) framkvæmd .....	22-23
Kosningaréttur 1915 (40 mín.) framkvæmd .....	24
Verkefni um konurogstjornmal.is .....	24
Rökstuðningur .....	25
<b>Þetta er ekki æfing: hópverkefni</b> .....	<b>26</b>
Kveikja og klípusaga (20 mín.) framkvæmd .....	26
Nemendum komið af stað í hópvinnu (20 mín.) framkvæmd .....	27
Leiðbeiningar fyrir hópvinnu .....	28
Tillögur að verkefnum fyrir hópvinnu .....	29-30
Rökstuðningur .....	31

# Staðalímyndir á færribandi: Æfing 1

→ Framkvæmd fyrri hluti 40 mín.

## Hæfniviðmið

- Að nemandi átti sig á ólíkum kynhlutverkum á nokkrum sviðum og hvernig þau mótast og breytast.
- Að nemandi geti vegið og metið áhrif staðalmynda.
- Að nemandi þroski með sér gagnrýni á þau skilaboð sem ungmenni fá og læri hvernig vinna megi með þau á sjálfstæðan og uppbyggjandi hátt.

## Gögn

- Stólar í hring, einn á mann.
- Mynd Hugleiks, varpað upp (sjá glærur á heimasíðu) eða dreift útprentaðri á blöðum ef skjávarpi er ekki við hendina.

## Lykilhugtakið: Kyngervi (e. gender)

Hugtök sem er notað um félagslega tilbúin hlutverk kvenna og karla. Það sem við teljum kvenlegt og karlmannlegt er lærd hegðun. Kyngervi breytist með tímanum og er mismunandi innan og milli ólíkra menningarheima. Hugmyndin um að bleikt sé kvenlegur litur en blátt sé karlmannlegur er til dæmis félagslega mótuð hugmynd. Hugmyndir okkar um kvenleika og karlmennsku á ekki rætur að rekja til líffræðilegra þátta heldur mótast merking þessara eiginleika af menningunni hverju sinni. (Úr orðabók jafnréttisstofu).

## Skref 1

- Nemendur skoða mynd Hugleiks (sjá glærur á heimasíðu) og kennari stýrir stuttum umræðum.
- Hvað er að gerast á myndinni? Mynduð þið vilja stíga á þetta færriband? Viljum við að allir séu eins?
- Væri hægt að gera svipaða mynd um stráka?

## Skref 2

Kennari útskýrir að það séu til staðalímyndir af flestum hópum: **Staðalímynd um börn gæti verið að börn vilji ekki Sushi eða fiskrétti, þau vilji bara pylsur og pítsur.** Getið þið nefnt einhver dæmi um staðalímynd? (stuttar umræður)

## Skref 3

Kennari biður nemendur og hugsa um sjálfa sig: Finndu eitthvað sem gerir ykkur sérstök, jafnvel svolítið skrytín og öðruvísi. Kennari gefur nemendum gott ráðrúm til að hugsa sig um og biður nemendur að vera stolta af þessu og rækta það. Næst komi einmitt leikur sem byggir á því sem gerir okkur sérstök.

## Skref 4

### Leikurinn Vindurinn feykir

(tilgangur: að hreyfa sig, kynnast og átta sig á að við erum ólík og lík). Þátttakendur sitja í hring, einn stóll á mann nema fyrir þann sem er í miðjunni. Eftir því sem þátttakendur eru fleiri þeim mun skemmtilegri er leikurinn. Einn er hann og byrjar hann á því að standa í miðjunni. Segir hann: „vindurinn feykir þeim sem eiga hund“ og þá standa þeir upp sem eiga hund og reyna að ná í nýtt sæti. Bannað er að setjast í sitt sæti aftur. Þar sem stólarnir eru færri en þátttakendur verður alltaf einn eftir inni í hringnum og er hann. Hann segir þá: „vindurinn feykir þeim sem ....“ hér er það einungis ímyndunaraflið sem setur því takmörk hverju vindurinn feykir. Eina reglan er að sú/sá sem er hann segir eitthvað sem á við sjálfa/n sig, t.d. vindurinn feykir þeim sem þolir ekki ketti, á bróður, æfir fótbolta, elskar þungarokk. Þetta má aðeins segja ef þetta er satt um þig. Skemmtileg viðbót við þennan leik og gerir hann öllu erfiðari en Ávaxtasalat, sem flest börn þekkja, er að þegar sitjandi þátttakandi sér að það er autt sæti honum á hægri hönd á hann að setjast í það. Þetta kemur öllum þátttakendum á skrið **eins og nemendur séu á færribandi** og það verður mun erfiðara fyrir þá sem standa í miðjunni að ná sér í sæti.

# Staðalímyndir á færibandi: Aefing 1

→ Framkvæmd seinni hluti 40 mín.

## Gögn

→ Verkefnablað um Narfa nöldursegg og Hallgerði hispurslausu útprentað eitt á mann (sjá skjal á heimasíðu).

### Skref 1

Kennari segir frá Narfa nöldurseggi og Hallgerði hispurslausu. Kennari segir:

**Narfi nöldurseggur er með mjög ákveðna uppskrift af því í hausnum á sér hvernig strákar eiga að hegða sér og hann er oft að skipta sér af og nöldra ef honum finnast strákar hegða sér eitthvað öðruvísi en strákar eiga að gera. Um daginn var Narfi stórhneykslaður þegar hann sá einn hressan strák í 6. bekk sem var í glænýjum buxum og sagði við hann:**

**„Ha ert þú í rósóttum buxum, en þú ert strákur“.**

**Hallgerður hispurslausa er eins og Narfi með uppskrift í kollinum um það hvað stelpur geta og hún er oft með athugasemdir við stelpur ef henni finnst þær gera eitthvað sem stelpur eiga ekki að geta gert.**

**Hallgerður var alveg hissa um daginn þegar hún hitti stelpu í 5. bekk sem hélt á ræðukeppnis-bikar og sagði:**

**„Ha vannst þú ræðukeppni í skólanum, en þú ert stelpa“.**

### Skref 2

Nemendur vinna verkefni um Hallgerði og Narfa tvö og tvö saman (dreifa sér um stofuna) og búa til mögulegar athugasemdir frá þeim (sjá verkefnablað fyrir nemendur á heimasíðu). Nemendur eiga að láta sér detta í hug athugasemdir sem Narfi og Hallgerður gætu mögulega komið með sem væru staðalmyndir um stráka eða stelpur.

### Skref 3

Í lokin er gott að safna nemendum saman aftur með blöðin sín og ræða hvaða athugasemdir frá Narfa og Hallgerði nemendur spunnu upp og hvernig börnunum hefði sjálfum liðið með að fá svona athugasemdir.


Kennari getur bryddað upp á frekari umræðu ef tími gefst og spurt:

**Eru aðrir þættir sem móta sjálfsmyndina en hvers kyns við erum?**

Loks má hengja blöðin upp á vegg.

Doemi:

Börn borða ekki sushi.





Doemi:

Strákar vilja bara ganga  
í bláum fötum.



# NÁMSMAT

Umræður um staðalmyndir

D - Uppfyllir ekki kröfur

C - Nemandi veitir umræðunum oftast athygli og kemur með hugmyndir

B - Nemandi veitir umræðunum athygli og sýnir skilning á staðalmyndum um kynin

A - Nemandi veitir umræðunum fulla athygli og sýnir góðan skilning á staðalmyndum um kynin.

Verkefni um Narfa og Hallgerði

D - Uppfyllir ekki kröfur

C - Nemandi getur gefið dæmi um staðalmyndir um stelpur og stráka

B - Nemandi getur gefið góð dæmi um staðalmyndir um stelpur og stráka

A - Nemandi getur á skýran og skapandi hátt sýnt góð dæmi um staðalmyndir um stelpur og stráka

## Rökstuðningur

Verkefnið miðast við miðstig, en má aðlaga fyrir eldri nemendur. Það er gert ráð fyrir að nemendur þekki staðalmyndir en ef svo er ekki má benda á grunnverkefni Geenu Davis Institute um staðalmyndir sem miðast við 6-9 ára börn og á heimasíðu má finna tengil. Tilgangur æfingarinnar er að gefa nemendum færi á að kanna áhrif staðalmynda á þeirra líf og líta gagnrýnið á hugmyndir um kvenleika og karlmennsku. Einnig er tilgangur æfingarinnar að efla nemendur í að leyfa sér að vera öðruvísi. Verkefnið á að varpa ljósi á hve östöðugt og fljótandi kynjakerfið er.

Börn eru mjög ung farin að átta sig á ólíkum væntingum samfélagsins til klæðnaðar og hegðunar og verksviðs kynjanna. Þorgerður Þorvaldsdóttir (2000) kynjafræðingur bendir á að slík samfélagsmótun eigi sér stað allt í kringum okkur; innan fjölskyldunnar, vinahópsins, í fjölmiðlum, skólakerfinu, á vinnumarkaði og svo framvegis. Kynjamótunin sé sívirk og ein fyrsta birtingarmynd hennar sé þegar kornabörn fái bleik eða blá armbönd á fæðingardeildinni. Upp frá því móti vitundin um kyn alla framkomu og viðhorf til barnsins. Fræðimenn hafa bent á að stúlkur hafi oft meira frelsi og svigrúm til að bregða sér í ýmis hlutverk, strákastelpan eða góða stelpan eða svala stelpan, en drengjum er þrengri stakkur sniðinn því birtingarmyndir karlmennsku er fastmótaðri. (Jón Ingvar Kjarran og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2013). Rannsókn Þórdísar Þórðardóttur (2012) staðfesti mikilvægi þess að kennarar skoði staðalmyndir um kynin með börnum svo að börn þjálfist í að meta réttmæti staðalmynda sem birtist þeim t.d í barnaefni og barnabókum. Rannsóknin sýndi að leikskólabörn voru vel fær um að efast um viðteknar venjur og staðalmyndir ef þau fengu tækifæri til þess. Þöggun um þessi mál viðhéldi misrétti enda væri það lagaleg skylda kennara að fræða börn um jafnrétti.

### Heimildir

Jón Ingvar Kjarran og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (2013) „Hvað er svona merkilegt við það að vera karlmaður?“. Hinsegin karlmennska og viðhorf ungra íslenskra hinsegin karla. Í Stefanía Óskarsdóttir (ritstjóri), Þjóðarspejillinn XIV: Rannsóknir í félagsvísindum: Stjórn málafræðideild (bls. 1-9). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands [http://skemman.is/stream/get/1946/16792/39059/3/JonKjarran\\_STJ.pdf](http://skemman.is/stream/get/1946/16792/39059/3/JonKjarran_STJ.pdf)

Þórdís Þórðardóttir. (2012). Að læra til telpu og drengs. Kynjaðir lærdómar í leikskóla. Ráðstefnurit Netlu - Menntakvika 2012. Reykjavík: Menntavísindasvið Háskóla Íslands <http://netla.hi.is/menntakvika2012/016.pdf>

Þorgerður Þorvaldsdóttir. „Er í alvöru til eitthvað sem heitir eðli, hjá mannfólki og sem munur á milli kynjanna?“. Vísindavefurinn 3.11.2000. <http://visindavefur.is/?id=1084>

# Alvöru vinátta: Æfing 2 (fyrir kynjaskiptan hóp)

→ Framkvæmd 40 mín. Lýsing miðar við stelpuhóp.

## Hoefniviðmið

- Að nemandi ihugi hvað einkenni góðan vinskap.
- Að nemandi geti sett fram á myndrænan hátt dæmi um góða vináttu og útskýrt hugsun sína.

## Lykilhugtak: Staðalímyndir (e. stereotypes)

- Staðalímyndir eru fyrirfram ákveðnar hugmyndir um útlit og/öðra eiginleika fólks sem tilheyrir ákveðnum hópi eða stétt innan samfélagsins, eins og hvernig það á að hegða sér og hvaða störf eru við hæfi þess. Sumar staðalímyndir hafa neikvæð áhrif á jafnrétti kynjanna og samkvæmt 1. gr. jafnréttislaga 10/2008 á að vinna gegn þeim. (Úr orðabók jafnréttisstofu).

## Gögn

- Tafla eða stórt blað. Myndavél eða spjaldtölva á hverja 2-3 nema væri heppilegast.

## Skref 1

- Hugstormun/bankahrið um sjónvarpsþætti sem fjalla um vinskap stelpna.
- Stuttar umræður um hvað einkennir samskipti stelpna í þessum sjónvarpsþáttum, bæði það góða og slæma. Skrifid lýsandi stikkorð.

## Skref 2

Biðjið stúlkurnar síðan að lýsa vináttu í þeirra lífi og nefna hvað þær leita eftir í alvöru vinkonu. Skrifid stikkorð.

## Skref 3

Skiptið stelpunum upp með því að telja í 2-4 manna hópa og látið þær hafa myndavél eða spjaldtölvu til að taka myndir. Biðjið hópana að ganga um skólann eða skólalóðina til að taka mynd sem þeim finnst lýsa alvöru vinkonu (dæmi: það mætti taka mynd af klukku því alvöru vinkona er alltaf tilbúin að gefa manni tíma).

## Skref 4

Umræðuspurningar:

- Hvaða dæmi um góða og slæma vináttu má finna í sjónvarpi eða bíómyndum?**
- Hvernig er alvöru vinátta frábrugðin samskiptum stelpna sem við sjáum í sjónvarpi?**
- Hvers vegna er mikilvægt að eiga alvöru vinkonur?**
- Hvað funduð þið til að mynda sem lýsir vináttu?**

Í lokinn má sýna myndirnar og ræða hvað þær sýna okkur um alvöru vinkonur.

# NÁMSMAT

Umræður og þátttaka í verkefni um vináttu

D - Uppfyllir ekki kröfur

C - Nemandi veitir umræðunum oftast athygli og kemur með hugmyndir um vináttu

B – Nemandi veitir umræðunum athygli og tjáir hugmyndir sínar um vináttu með myndir til stuðnings

A – Nemandi veitir umræðunum fulla athygli og tjáir skýrt og áheyrilega hugmyndir sínar um vináttu með sniðugar myndir til stuðnings

## Rökstuðningur

Verkefnið er um lífsleikni, staðalímyndir og fjölmiðlalæsi. Verkefnið er aðlagð og þýtt frá Hardy Girls - Healthy Women og er ætlað stelpuhóp og fjallar um vináttu stelpna. Það má auðveldlega aðlaga verkefnið fyrir strákahóp og ræða vináttu stráka. Það er aðeins flóknara að ræða vináttu stráka og stelpna í sjónvarpsþáttum í blönduðum hópi, þess vegna er æfingin kynjaskipt.

Æfingin felst í að skoða hvernig vinátta birtist í sjónvarpi og bera hana saman við vináttu í raunveruleikanum. Tilgangurinn er að hrista af sér neikvæðar fyrirmyndir. Í samskiptum stelpna, er gott að leggja áherslu á að minnka samkeppni og samanburð og efla uppbyggileg vinkvinnasambönd. Ingibjörg Auðunsdóttir og Helga Halldórsdóttir hafa fjallað um erfið samskipti stúlkna og hafa verið með námskeið fyrir kennara til að takast á við einelti í stelpnahópi. Í meistaranámsókn Helgu Halldórsdóttur (2014) kemur fram að tryggð vinkvenna og traust er stúlkum mikilvæg og það að falla í hópinn. Helga styðst við erlendar rannsóknir sem sýna að félagsmótun stúlkna hafi áhrif á hvernig og hvort þær treysti hver annari, Félagsmótun í skóla og á heimili vegur þungt þegar kemur að trausti og góðum vinskapi en fjölmiðlar hafa einnig mikil áhrif og fyrirmyndir stelpna á þeim vettvangi séu ekki sérlega uppbyggilegar. Fyrirmyndir drengja eru mögulega fjölbreyttari en samskipti drengja í sjónvarpi eru ekki alltaf góð og því hafa þeir einnig gagn af því að ræða vináttu. Rannsókn Þórdísar Þórðardóttur (2012) sýndi að það borgar sig að ræða staðalímyndir um kynin sem birtast í t.d. sjónvarpsefni. Kennarar gætu þjálfað nemendur sína í að meta réttmæti staðalímynda og börn voru vel fær um að efast um viðtekna venjur ef þau fengju tækifæri til þess.

Hardy Girls Healthy Women. (2013). We're in this together, sótt af <http://hghw.org/wordpress/wp-content/uploads/2015/01/Stronger-together-activity.pdf>

Helga Halldórsdóttir. (2014). Erfið samskipti stúlkna: leið til lausna. Óbirt M-ed-ritgerð. Háskólinn á Akureyri: Hug- og félagsvísindasvið. [http://skemman.is/en/stream/get/1946/18624/43967/4/Fr%C3%A6%C3%B0ilegur\\_bakgrunnur.pdf](http://skemman.is/en/stream/get/1946/18624/43967/4/Fr%C3%A6%C3%B0ilegur_bakgrunnur.pdf)

Þórdís Þórðardóttir. (2012). Að læra til telpu og drengs. Kynjaðir lærdómar í leikskóla. Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2012, Reykjavík: Menntavísindasvið Háskóla Íslands <http://netla.hi.is/menntakvika2012/016.pdf> tool/

# Fyrirmyndarfólk: Æfing 3

→ Framkvæmd 80 mín.

## Lykilhugtak: Kynjakerfi (e. gender order, patriarchy)

Kynjakerfi er hugtak sem notað er til að lýsa félagslegu yfirráðakerfi þar sem karlar njóta góðs af kerfisbundinni undirskipun kvenna (Úr orðabók jafnréttisstofu).

## Gögn

- Glærusýning (sjá á heimasíðu) um fjórar góðar fyrirmyndir úr fjölmiðlum.
- Viðtalsspurningar prentaðar út, eitt á par,
- karton.

## Hoefniviðmið

- Að nemandi geri sér grein fyrir gildi fyrirmynda og geti vegið og metið hvers konar fyrirmyndir eru settar fram í fjölmiðlum.
- Að nemandi geti unnið á sjálfstæðan hátt að því að skoða sínar fyrirmyndir.
- Að nemandi geti tjáð sig um sínar fyrirmyndir og komið á framfæri viðhorfum sínu og hvað skipti mestu máli.

## Skref 1:

- Kennari biður nemendur að loka augunum og hugsa: Hver er mikilvægasta manneskjan í þínu lífi?
- Nemendur taka viðtal við sessunaut og þurfa ekki að skrifa niður, bara hlusta.
- Viðtalsspurningar: **Hver er mikilvægasta manneskjan í þínu lífi? Hvað er það sem gerir þessa manneskju svona frábæra?**
- Kennari biður um nokkrar tillögur að jákvæðum eiginleikum til að skrifa á töflu.

## Skref 2

Kennari sýnir glæurnar og ræðir að það er mikilvægt að hafa góðar fyrirmyndir, ekki einungis í lífinu heldur einnig í fjölmiðlum og sýnir fjögur dæmi um góðar fyrirmyndir í fjölmiðlum og spyr hvort að börnin þekki þetta fólk og af hverju það þyki góðar fyrirmyndir (lýsingar á fólkinu má finna í notes undir hverri glæru).

## Skref 3

- Hver nemi fær stórt karton eða A3 blað og á að kynna fræga manneskju/hetju úr fjölmiðlum sem er í upphaldi.
- Leiðbeiningar (skrifa á töflu). Veldu þér fræga manneskju eða hetju sem er í upphaldi hjá þér, þú átt að kynna hana fyrir bekkjarfélögunum og gæta þess að útskýra:
  - **Hvers vegna er þessi manneskja/hetja góð fyrirmynd og hvers vegna höfðar hún til þín?**
  - **Hvaða jákvæðu áhrif gæti hún haft á þig eða önnur ungmenni?**
  - **Er mögulega eitthvað neikvætt við hana sem fyrirmynd?**
- Nemendur fá síðan tækifæri til að kynna sína manneskju/hetju og lýsa.

# NÁMSMAT

Könnun  
um þjálfun  
kynjanna

D - Uppfyllir ekki  
kröfur

C – Nemandi  
getur kynnt  
fyrirmyndar-  
manneskju/  
hetju og sýnt  
sæmilegan  
skilning á því  
hvað fyrirmynd  
er.

B- Nemandi  
getur kynnt  
fyrirmyndar-  
manneskju/  
hetju og gefið  
dæmi sem  
lýsa því hvers  
vegna hún er  
fyrirmynd.

A – Nemandi  
getur á  
sjálfstæðan  
og skipulegan  
hátt kynnt  
fyrirmyndar-  
manneskju/hetju  
og gefið dæmi  
sem lýsa því  
hvers vegna hún  
er fyrirmynd  
og höfðar til  
nemanda.

## Rökstuðningur

Femínistar hafa lengi bent á skort á fyrirmyndum fyrir konur. Hið karllæga sjónarhorn virðist ráða því hvað er tekið til umfjöllunar og hvað telst verðugt efni. Bechdel prófið og hugtakið Strympulögmálið (e. Smurfette principal) hafa vakið umræðu, því fólki blöskrar hvað konur spila veigalítið hlutverk í bíómyndum, sjónvarpsþáttum og barnaefni. Ef við skoðum fjölmiðla með kynjagleraugum sjáum við kynjakerfi þar sem hvítir karlar búa við forréttindi en konur og minnihlutahópar eru undirskipaðir. Íslenskir fræðimenn hafa staðfest að hér á landi sé skortur á kvenfyrirmyndum í fjölmiðlum því hér sé mikil kynjaskekkja t.d. í viðmælendum fréttamanna. Þegar fjallað er um konur er ofuráherlsa á útlit þeirra en minna gert úr því sem þær hafa fram að færa (Eygló Árnadóttir o.fl, 2010). Það er erfitt að rannsaka áhrifin sem þessi brenglaða umfjöllun hefur á stelpur og konur. Skortur á umfjöllun um kvenkyns íþróttahetjur hefur þó gjarnan verið tengdur við það að stelpur hætta að æfa íþróttir fyrr en strákar. Þegar áherslan er svona mikil á vöxt og útlit kvenna í fjölmiðlum þá gefur það stúlkum þau skilaboð að virði þeirra byggist mest á því hversu mjóar og fallegar þær eru. Fyrirmyndir fyrir stráka eru kannski sýnilegri og aðgengilegri en þær eru ekki alltaf uppbyggilegar.

Henry Alexander Henrysson (2013) fjallar um gagnrýna hugsun og bendir á að við séum ekki frjáls í vali okkar á þeim skilaboðum sem berast okkur úr samfélaginu. Hins vegar megi ekki einblína um of á þessar takmarkanir. Sá sem gerir sér grein fyrir þeim á mikið verk fyrir höndum þegar kemur að því að mynda sér eigin skoðun. Hann bendir á að tilfinningalífið, í víðum skilningi, mótar skoðanir okkar og við getum beitt gagnrýnni hugsun með því að nota siðferðilegt innsæi, samvisku og réttlætiskennd okkar. Markmið með þessu verkefni er einmitt að reyna að laða fram þetta innsæi nemenda og æfa gagnrýna hugsun með því að fá þau fyrst til að skoða fyrirmyndir í lífinu sem eru þeim mikilvægust, mögulega móðir eða faðir og í framhaldinu skoða fyrirmynd sem þau þekkja aðeins úr fjölmiðlum.

Eygló Árnadóttir, Valgerður Anna Jóhannsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir. (2010). Konur og karlar í fjölmiðlum: Ísland í alþjóðlegri fjölmiðlavöktun. Í Helga Ólafsdóttir og Hulda Proppé (ritstjórar), Rannsóknir í félagsvísindum XI: félags- og mannvísindadeild (bls. 35–46). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Henry Alexander Henrysson. (2013). Skoðanir, siðferði, samfélag: Enn um gagnrýna hugsun. Netla: vefimarit um uppeldi og menntun. <http://netla.hi.is/greinar/2013/ryn/001.pdf>

# Að verða sjálfbjarga: Æfing 4

→ Framkvæmd 80 mín.

## Hæfniviðmið

- Að nemandi þroski með sér þá hugmynd að hefðir og venjur eru ekki hafðar yfir vafa né óumbreytanlegar.
- Að nemandi temji sér að líta gagnrýnum augum á daglegt líf og það sem strákum og stelpum er kennt.
- Að nemandi taki virkan þátt í hugstormun og hópastarfi.
- Að nemendi framkvæmi spurningakönnun, setji niðurstöður í töflu og lýsi niðurstöðum.

## Skref 1

- Kennari byrjar á stuttri hugstormun og biður nemendur um að koma með svör við spurningunni: **Hvernig geta börn í dag undirbúið sig fyrir framtíðina til að verða sjálfbjarga og fær í flestan sjó?** Kennari skrifar allar tillögur nemenda á töfluna án þess að dæma þær eða meta og þakkar svo fyrir tillögurnar.
- Kennari útskýrir tilgang með þessum 5 litlu könnunum:
- **Eitt markmið með uppeldi og menntun er að gera börn sjálfbjarga svo að þau geti séð um sig sjálf að mestu leyti. Hugmyndir okkar sem erum að ala börn upp í dag (kennarar, foreldrar og afar og ömmur) eru gjarnan tengdar því hvernig við vorum sjálf alin upp. Það er skrytinn mótsögn að uppeldi á börnum í dag byggir oft á því hvernig þjóðfélagið var áður, en samt er verið að búa börn undir samfélag framtíðarinnar. Það er gott fyrir börn að átta sig á þessum galla og hugsa sjálf: hvað þarf ég að kunna og æfa mig í til að ég geti orðið sjálfbjarga?**
- Kennari dreifir könnununum til nemenda sem allar snúast um hversdagslega þætti í daglega lífinu sem nemendur gætu mögulega verið að þjálfast í. Kennari fer í gegnum hverja könnun fyrir sig og útskýrir að það á ekki að setja nafnið sitt heldur svara hverri könnun fyrir sig. Nemendur svara í rölegheitum fimm litlu könnunarblöðunum.

## Gögn

- Fimm litlar kannanir útprentaðar svo allir í bekknum geti svarað.
- A3 blöð og tússlitir, 3 á hóp.

## Lykilhugtak: Kynskiptur vinnumarkaður (e.g. gender segregation in the labour market)

Kynskiptur vinnumarkaður einkennist af því að mikill meirihluti þeirra sem vinna ákveðin störf eru af öðru kyninu (80%). Góð dæmi um þetta eru hjúkrunarfræði, þar sem meirihlutinn er kvenkyns, og mannvirkjagerð, þar sem meirihlutinn er karlkyns. Vinnumarkaður á Norðurlöndum er mun kynskiptari en í öðrum löndum Evrópu. (Úr orðabók jafnréttisstofu).

## Skref 2

- Kennari sækir öll kannanablöðin og flokkar hverja spurningu í bunka.
- Bekknum er síðan skipt í 5 hópa og hver hópur fær eina könnun til að skoða og taka saman niðurstöður. Hóparnir fá stór A3 blöð til að teikna upp sínar töflur og túss í tveim litum (lit fyrir stráka og lit fyrir stelpur).
- Kennari útskýrir uppbyggingu á töflum, spurningin verður að koma skýrt fram. Á lóðréttu ásnum er fjöldi svara (1-10 sirka), á láréttu ásnum eru svarmöguleikarnir og þá verður að kyngreina.

## Skref 3

- Þegar töflurnar eru tilbúnar verður að gefa hverjum hóp tíma til að útskýra niðurstöðurnar úr sinni könnun og koma með tilgátu um hvað þær merkja. Hóparnir fá spurningar til að styðjast við og eiga að reyna að svara út frá niðurstöðum í sinni könnun.
  - Er munur á þeirri þjálfun sem kynin fá í sínu daglega lífi?
  - Eru fleiri breytur en kyn sem skipta máli og hefði líka mátt spyrja um?
- Að loknum kynningum er gott að ræða aftur spurninguna sem varpað var fram í byrjun tímans. Hvernig geta börn í dag undirbúið sig fyrir framtíðina til að verða sjálfbjarga og fær í flestan sjó?

# Kannanir til að leggja fyrir nemendur

## Að verða sjálfbjarga

### Könnun 1

Kyn: \_\_\_\_\_

Hefur þú á síðastliðnum mánuði fengið að sjá um bíl (æft þig í að stýra, hjálpað við bílaþvott eða viðgerð)?

- Aldrei
- Einu sinni eða tvisvar
- oft

### Könnun 2

Kyn: \_\_\_\_\_

Hefur þú á síðastliðnum mánuði passað yngra barn (t.d. systkyni eða lítinn nágranna eða litla frænku)?

- Aldrei
- Einu sinni eða tvisvar
- oft

### Könnun 3

Kyn: \_\_\_\_\_

Hefur þú á síðastliðnum mánuði séð um uppvaskið (sett í uppþvottvél, tekið úr eða vaskað upp eða þurrkað)?

- Aldrei
- Einu sinni eða tvisvar
- oft

### Könnun 4

Kyn: \_\_\_\_\_

Hversu mikið ert þú í tölvu á venjulegum degi?

- Oftast ekkert
- Um hálf tíma
- Um klukkustund
- 2-3 klukkustundir
- Meira en 3 stundir

### Könnun 5

Kyn: \_\_\_\_\_

Vinna og vasapeningur -Fyrir hvað færð þú pening?

- Þrif og heimilisstörf
- Að bera út blöð
- Að lesa
- Að fara út með hundinn
- Annað \_\_\_\_\_



# NÁMSMAT

Könnun  
um þjálfun  
kynjanna

D - Uppfyllir ekki  
kröfur

C – Nemandi  
getur starfað með  
hóp og unnið úr  
könnun og sett  
niðurstöður upp í  
töflu.

B- Nemandi  
getur starfað  
með hóp  
og unnið úr  
könnun og sett  
niðurstöður  
upp í snyrtilega  
og skýra  
töflu og kynnt  
niðurstöður.

A – Nemandi  
getur mjög vel  
starfað með hóp.  
Unnið sjálfstætt  
úr könnun og  
sett niðurstöður  
upp í skýra og  
snyrtilega töflu.  
Kynnt niðurstöður  
og rætt hvað þær  
þýða.

## Rökstuðningur

Á Íslandi og hinum Norðurlöndunum er vinnumarkaður mjög kynjaskiptur sem skekkir töluvert þá mynd sem við höfum af þessum löndum sem helstu veldi jafnréttis. Markmið verkefnisins er að nemendur skoði sitt daglega líf í samhengi við samfélag sem hefur bæði kynjaskipt atvinnulíf og kynjaða verkaskiptingu á heimilum. Nemendur spyrja gagnrýnna spurninga eins og: er ég að þjálf mig til að verða sjálfhjarga í mikilvægum verkum? Nemendur geti þannig þroskað með sér þá hugmynd að hefðir og venjur í uppeldi barna eru ekki hafðar yfir vafa né óumbreytanlegar. Það er ekki meiningin með þessu verkefni að gagnrýna störf uppalenda, eða auka á vanmáttartilfinningu foreldra með því að senda börnin heim uppfull af ásökunum um að þau séu ekki að fá rétta þjálfun heima fyrir. Hugmyndin með þessu verkefni er að nemendur taki ábyrgð á eigin lífi og verði áráðnari og sækji í að fá að gera hluti sem eru ekki endilega haldið að þeim vegna þess að hefðir og staðalmyndir um kynin stýra þeim tækifærum sem strákum og stelpum standa til boða.

Í 24. grein laga um grunnskóla (nr. 91/2008) er sagt að aðalnámskrá skuli m.a. leggja áherslu á undirbúning beggja kynja jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi. Aðalnámskrá grunnskóla (2012) tekur undir þessa lagagrein á tveim stöðum og leggur áherslu á að nemendur hljóti: „fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. sé lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi. Áherslu ber að leggja á að drengir og stúlkur eigi sem víðtækasta og jafnasta möguleika“ (bls. 22). Á öðrum stað er þetta endurtekið í annarri mynd: „Leggja þarf áherslu á að nám búi bæði kynin jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, bæði í einkalífi, fjölskyldulífi og atvinnulífi. Kynjafræði og hugtök hennar eru mikilvægur þáttur í að gera nemendur meðvitaða um stöðu kynjanna í samfélaginu“ (bls. 38).

Verkefnið þjálfar nemendur í meginðlegum aðferðum við að safna upplýsingum og vinna úr könnun og nemendur eiga að æfa sig í að greina niðurstöður svo að þau geti orðið fær í að gera sína eigin könnun og spyrja spurninga sem brenna á þeim í framhaldinu. Meginðlegar aðferðir hafa ekki verið taldar sérstaklega femínísk aðferðafræði en þó hafa þessar aðferðir reynst öflugt tæki til að sýna fram á kynjamismunun og hafa verið gagnlegar við að rökstyðja að enn viðgangist misrétti í samfélaginu. Það er mikilvægt að ramma verkefnið vel inn með lýðræðislegum kennsluháttum til að nemendur eignist hlutdeild í verkefninu og því hefst kennslustundin á hugstormun þar sem allir eru hvattir til að koma með sínar hugmyndir. Verkefnið er að stórum hluta unnið í hópvinnu en það hefur sýnt sig að nemendur sem tjá sig lítið í umræðum sem allur bekkurinn tekur þátt í leggja frekar til málanna í hópvinnu (Hargreaves, Linda. 2009).

Hargreaves, Linda. (2009). „It's good to talk“: improving communication between pupils and teachers and why it's worth the effort. Í Galton, M; Steward, S; Hargreaves, L; Page, C. og Pell, T. (ritstjórar), *Motivating your secondary class* (bls. 80-106). London: Sage.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2012). Aðalnámskrá grunnskóla 2011: Almennur hluti. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

# Sagan sem hefur ekki verið skrifuð: Æfing 5

→ Framkvæmd 60 mín.

## Hæfniviðmið

- Að nemandi geti dregið ályktanir af frumheimild eins og gamalli ljósmynd og velt fyrir sér lífi og vinnu karla, kvenna og barna.
- Að nemandi geti sett ályktanir sínar í heildstæðan texta.
- Að nemandi þekki hugtakið kynjagleraugu og geti komið auga á ólíkar aðstæður fólks.

## Gögn

- Glærur, Ljósmyndir útprentaðar og greiningarlykill á þar (sjá gögn á heimasíðu).
- Ritunarbók eða línustrikuð blöð.

## Skref 1

- Kennari opnar glærur og les brot úr barnahorn þjóðviljans frá 1974 (sjá glærur á heimasíðu) þar spurði Vilborg Dagbjartsdóttir: Hvar er amma? Hvar er langamma? Kennari les fyrstu tvær efnisgreinarnar og endar þar sem stendur „þó hefur verið til fleira kvenfólk en Bríet fyrst að hún gat stofnað félag“. Kennari spyr: **Hvernig eru námsbækur í sögu núna?**
- Kennari útskýrir stuttlega að þau ætli að skoða gamlar ljósmyndir frá Íslandi með kynjagleraugum: Sögubækur og námsbækur hafa verið gagnrýndar fyrir að fjalla mest um það sem virðulegir karlar voru að gera. En nú ætli þau sjálf að gerast rannsakendur og skoða þessa sögu sem ekki hefur enn verið skrifuð. Saga eins og þessi hefur ekki verið skrifuð því það er lítið fjallað um þá sem höfðu ekki mikil völd svo sem börn, fátæka og konur.

## Skref 3

- Kennari gefur nemendum upplýsingar sem eru til um hverja mynd. Nemendur fá þá að bera saman við tilgátur sínar. Kennari undirstrikar að **það þarf enginn að hafa áhyggjur af að gera vitlaust**, það eru litlar upplýsingar til um hverja mynd.
- Ljósmyndir ásamt ritunarverkefnunum eru hengdar upp á vegg og kynntar ef tími gefst til.

## Skref 2

- Kennari parar nemendur saman, hvert par fær ljósmynd (nemar fá engar upplýsingar um myndina). Nemendur fá greiningarlykil til hliðsjónar sem byggist á þremur þáttum: Athuga (e. Observe), Ígrunda (e. Reflect) og Spyrja (e. Question).
- Þarið skoðar myndina sína og ræðir hvern þátt og skrifar svo niður.
- Nemendur eiga að skrifa um myndina og nota heilar setningar „Á myndinni er kona sem virðist...“
- Kennari aðstoðar nemendur að finna spurningar til að ýta undir frekari rannsóknir. Kennari minnir nemendur á að skoða sérstaklega hvað karlar eru að gera og hvað konur eru að gera á myndinni og hvað það getur sagt okkur um kynhlutverk þessa tíma. Ef það eru börn á myndinni er mikilvægt að skoða hvort þau séu að æfa sig í tilteknum kynhlutverkum (samanber Að verða sjálfbjarga: Æfingu 4).

# Greiningarlykill

## Athuga-

- Rýndu í myndina, skoðaðu og taktu eftir. Beittu athyglisgáfunni og mundu eftir kynjaglerauginum.
- Hverju tekur þú fyrst eftir?
- Finndu eitthvað lítið en áhugavert.
- Sérðu eitthvað óvænt eða eitthvað sem þú áttar þig ekki á?
- Sérðu eitthvað sem þú tókst ekki eftir í byrjun?

## Lykilhugtak: Kynjagleraugu

Skemmtilegt hugtak sem er notað um fólk eða af fólkum sem hefur komið auga á að kynin búa við ólíkar aðstæður. Það er talað um að setja upp kynjagleraugin til að leiðrétta kynblinduna eða laga þá sjónskekkju á stöðu kynjanna sem var fyrir. Oft er erfitt að taka þessi gleraugu niður því ef fólk hefur komið auga á misrétti á einu sviði er erfitt að loka augunum fyrir því á öðrum sviðum. (Úr orðabók jafnréttisstofu)

## Ígrunda-

- Settu fram tilgátu og búðu til þínar eigin kenningar.
- Hvaðan er þetta?
- Frá hvaða tíma?
- Hvað er að gerast?
- Getur þú getið þér til um hvernig fólkinu líður eða persónuleika þeirra?
- Hvað getur þú lært af því að skoða þetta t.d. um konur, fátæka vinnumenn, stelpur eða stráka?

## Spyrja-

- Hverju veltir þú fyrir þér.
- Hvað?
- Hver?
- Hvenær?
- Hvers vegna?
- Hvert er mögulegt að leita svara?



Ljósmyndari: Vilhjálmur H. Vilhjálmsson. Júlí 1985. Dans og danskennsla í Kramhúsinu.



Ljósmyndari: Jóhann Vilberg Árnason. 1963. Bruni við Blesugróf. Fólk stendur og fylgist með þegar hús og braggar brenna við Blesugróf.



Ljósmyndari: Jim Smart. 19. apríl, 1983. Unglingar á Hlemmi. Birt í Helgarpóstinum með fyrirsögninni: Íslensk dýragarðsbörn.



Ljósmyndari: Gunnar V. Andrésón. 1979. Tvær grænlenskar stúlkur koma til Íslands til að vinna.



Ljósmyndari: Eyjólfur Jónsson. 1915-1935. Ferðalag á hestum, sex fullorðnir karmenn og ungur drengur standa við hesta.



Ljósmyndari: Halldóra Halldórsdóttir. 1920-1930. Hópur fólks stendur fyrir utan heimili, sennilega í sveit. Gæti verið á Vestfjörðum.



Ljósmyndari: Halldóra Halldórsdóttir. 1915-1925. Þrjár ungar konur og litíð barn standa í húsagarði, sennilega á Ísafirði.



Ljósmyndari: Gunnar Rúnar Ólafsson. 1955-1964. Æskulýðsráð Reykjaíkur. Veidiferð með M/B Sæbjörgu. Ungur drengur í lopapeysu. Sjóvinnunámsskeið.



Ljósmyndari: Karl Christian Nielsen. 1928-1930. Ung stúlka með pipu föður síns í munnvikinum.



Ljósmyndari: Ragnheiður Bjarnadóttir. 1935-1950. Hópur karlmanna úti í náttúrunni. Einn þeirra er að skjóta úr byssu.



Ljósmyndari: Ragneiður Bjarnadóttir. 1933-1940. Fjórar konur sitja við borð, tvær þeirra vinna að saumaskap, ein þeirra er að lesa. Á miðju borðinu eru mannabein, hauskúpa og leggír. Á umslaginu stendur: Ýmsar filmur 1933.



Ljósmyndari: Eyjólfur Jónsson. 1925-1929. Ungir piltar á arabát frá Seyðisfirði.



Ljósmyndari: Christian Schierbeck. 1901-1902. Mynd úr ljósmyndaalbúmi Christian Schierbeck læknis. Götumynd frá Reykjavík. Texti frá Schierbeck við myndina: Á heimleið frá kaupmanninum með sunnudagskaffið.



Ljósmyndari: Guðgeir Magnússon. Sennilega um 1965. Dægurlagahljómsveit. Ungir menn í hljómsveit, sumir eru með bitlaklippingu.



Ljósmyndari: Ragnheiður Bjarnadóttir. 1980-1960. Ungur drengur situr við steypuhrærivél.



Ljósmyndari: Karl Christian Nielsen. 1930-1935. Klapparstígur, vinnuflokkur við sorphirðu í Reykjavík. Ungur drengur stendur hjá, virðist vera í sendiferð.

# NÁMSMAT

Sagan sem hefur ekki verið skrifuð

D - Uppfyllir ekki kröfur

C – Nemandi getur unnið með félagi. Skrifað texta og dregið ályktanir af efni myndarinnar.

B- Nemandi getur unnið með félagi. Skrifað texta með heilum setningum og skýrri uppsetningu. Dregið ályktanir af efni myndarinnar.

A – Nemandi getur unnið vel með félagi. Skrifað texta með heilum setningum, skýrri uppsetningu og skemmtilegum lýsingarorðum. Dregið áhugaverðar og glöggar ályktanir af efni myndarinnar.

## Rökstuðningur

Sögubækur og námsbækur hafa verið gagnrýndar fyrir að fjalla mest um það sem virðulegir karlar voru að gera. Það hefur lítið verið fjallað um þá sem höfðu ekki mikil völd svo sem börn, fátæka vinnumenn og konur. Námsbækur miðla hugmyndum og það er mikilvægt að skoða námsefni á gagnrýninn hátt og skoða í hvaða stöðu lesandi er settur og hverju er miðlað sem normið. Það er hætt við að ákveðnir hópar verði jaðarsettir ef ekki er gætt að því sérstaklega að hafa alla með. Þorgerður Þorvaldsdóttir (1996), Bragi Guðmundsson (2010) og Kristín Linda Jónsdóttir (2011) hafa rýnt í sögubækur í grunn- og framhaldsskólum þar sem þau athuga hlut kvenna og það eru nokkuð sláandi niðurstöður. Hausatalning Þorgerðar á konum í sögunámsbókum frá 1996 sýndi skelfilegar niðurstöður og talning Kristínar Lindu frá 2011 sýnir að ástandið fer síst batnandi. Joan W. Scott (2006) bendir á að femínísk sögurýni hefur ekki eingöngu haft það markmið að auka þekkingu á sögu kvenna sem lítið er vitað um, heldur lýsir hún einnig femínískri sagnfræði sem gagnrýnni aðgerð sem notar fortíðina til að kippa fótum undan sannfæringu nútímans og opna þannig möguleika á annarri framtíð.

Verkefnið þjálfar gagnrýna hugsun sem byggist á samræðu og því að hugsa með öðrum. Þess konar gagnrýnin hugsun gerir ekki kröfu um hlutlægni, kalt mat eða það að forðast gildishlaðin hugtök.

Þetta er ritunarverkefni og setur nemendur í hlutverk rannsakenda. Þau skoða heim sem ekki er mikið vitað um. Nemendur eiga að beita athyglisgáfunni til að skoða gamlar ljósmyndir og spyrja spurninga og skrifa hjá sér athugasemdir og koma með tilgátur og nota til þess greiningarlykil sem hannaður er af Library of Congress. Í þessari æfingu eru nemendur að nota innsæið og þjálfa sig í að skoða smáatriði og ræða efni myndarinnar við félagi. Meginþáttur verkefnisins er að skoða karla, konur og börn á ljósmyndunum. Nemendur eiga að setja upp kynjagleraugu og spyrja:

Hvað getum við lært um kynhlutverk þess tíma?

Bragi Guðmundsson. (2010). Nýjar Íslandssögur fyrir miðstigi grunnskóla. Ráðstefnurit Netlu - Menntakvika 2010 Reykjavík: Menntavisindasvið Háskóla Íslands. <http://netla.hi.is/menntakvika2010/alm/004.pdf>

Kristín Linda Jónsdóttir. (2011). Rannsókn á hlutdeild kynjanna í námsefni í sögu á miðstigi grunnskóla. Akureyri: Jafnréttisstofa. [http://www.jafnrettiiskolum.is/D10/\\_Files/Ranns%C3%B3kn%20%C3%A1%20n%C3%A1msb%C3%B3kum.PDF](http://www.jafnrettiiskolum.is/D10/_Files/Ranns%C3%B3kn%20%C3%A1%20n%C3%A1msb%C3%B3kum.PDF)

Library Of Congress (e.d.). Primary Source Analysis Tool. Sótt 6. október 2015 af <https://www.loc.gov/teachers/primary-source-analysis-tool/>

Scott. Joan W. (2006). Feminism's history. í Sue, Morgan (ritstjóri). The feminist history reader (bls. 387-398). Routledge, London & New York.

Þorgerður Hrönn Þorvaldsdóttir. (1996). Hvað er svona merkilegt við það að vera karlmaður?: Athugun á hlut kvenna í kennslubókum í sögu fyrir grunn- og framhaldsskóla. Saga, 34, 273-306.

# Baráttan sem breytir heiminum: kosningaréttur og kvennafrídagurinn: Æfing 6

→ Kvennafrídagurinn (80 mín) framkvæmd

## Hæfniviðmið

- Að nemandi öðlist grunnþekkingu á sögu kvennabaráttu á Íslandi.
- Að nemandi tengi við málefni þessa tíma og hverju er mikilvægt að vinna að í dag til að auka jafnrétti.
- Að nemandi skilji hvernig megi hafa áhrif í átt til breytinga og þekki baráttuaðferðir sem má beita til að auka jafnrétti.

## Lykilhugtak: Jafnrétti kynjanna (e. gender equality)

Kringumstæður þar sem konur og karlar njóta sömu réttinda og tækifæra þannig að hegðun, væntingar, óskir og þarfir kvenna og karla eru jafnmikils metnar. Jafnrétti kynjanna þýðir að kynin séu jafn sjáanleg í samfélaginu, jafn valdamikil og taki þátt í opinberu og einkalífi í jöfnum hlutföllum. Samkvæmt íslenskum lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, á að gilda jafnrétti á Íslandi. Markmið laganna er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum samfélagsviðum. (Úr orðabók jafnréttisstofu).

## Gögn:

- Glærur með myndum af kvennafrídeginum 1975 til að varpa upp á skjávarpa (sjá rafrænt á heimasíðu).
- Tölvur/spjaldtölvur til að leita upplýsinga um kvennafrídag. Kennari getur einnig prentað út af kvennasögusafni yfirlit hvers vegna kvennafrí, og viðtal við Gerði Steinþórsdóttur af tímarit.is .
- Stór pappaspjöld og tússlitir til að gera kröfuspjöld.
- Litlir miðar til að skrifa á stikkorð.

## Skref 1

- Kveikja gæti verið að kennari biður nemendur að rétta upp hönd sem voru á leikskóla. Kennari sýnir mynd af kvennafrídeginum 24. október 1975 og segir að þetta sé ástæðan fyrir því að þau áttu öll kost á að fara í leikskóla (þó einhver hafi kannski ekki nýtt sér það).
- Kennari segir stuttlega frá kvennafrídegi:

25.000 konur söfnuðust saman á Lækjatorgi í Reykjavík á kvennafrídegi þann 24. október 1975. Þetta er líklega stærsti útifundur Íslandssögunnar. Fjölmargir fundir voru haldnir um allt land sem voru einnig fjölsóttir. Það voru margar ástæður fyrir því að fundurinn var haldinn. Menntun kvenna skilaði sér ekki í launaumslögin eins og menntun karla. Á vinnumarkaði ráku þær sig allstaðar á vegg. Þær fengu litlu sem engu ráðið á vinnustöðum, voru sniðgengnar við stöðuhækkunar, komust ekki til áhrifa, og flest sem þær gerðu var lítils metið. Þær báru áfram alla ábyrgð á heimili og börnum, og ennfremur hvíldi oft á þeim umönnun aldraðra foreldra og tengdforeldra. Barnaheimili voru fá og rétt til þriggja mánaða fæðingarorlofs höfðu aðeins þær konur sem unnu hjá ríkinu, bæjarfélögum og bönkum. Konur höfðu fengið nóg af valdleysi og mismunun og vildu sýna fólki þá ósýnilegu vinnu sem konur unnu. Um þennan dag og atvinnulífið lamaðist. (Herdís Helgadóttir, 1996)

## Skref 2

- Nemendum skipt í 3-4 manna hópa sem hafa spjaldtölvu eða útprentaðar greinar og fá 15 mín (classroom timer) til að kynna sér kvennafrídag með því að googla kvennafrí 1975 eða skoða kvennasogusafn.is, fjallkonan.is, hvers vegna kvennafrí. Nemendur reyna að átta sig á hverjar voru helstu kröfurnar og baráttumálin og rissa á blað stikkorð eins og fleiri leikskólapláss, sömu laun. Hópar skila kennara stikkorðamiðum um kvennafrídaginn.

## Skref 3

- Kennari stöðvar hópana og biður um dæmi frá nemendum um hvers vegna var kvennafrí.
- Kennari fær nemendur til að átta sig betur á málefnum kvennafrísins og heldur áfram með glærusýningu og skoðar kröfuspjöldin. Mynd 2: sömu laun fyrir sömu vinnu, fleiri konur í framhaldsnám. Mynd 3 stelpur= dúkka, strákur= bíll, launajafnrétti í raun, fleiri dagheimili, jafnrétti í stöðuveitingum. (Það má einnig sýna myndir frá kvennafrídegi víðar á landinu t.d. vestmannaeyjum á sigurgeir.is)
- Kennari endar þessa umræðu með því að spila lagið áfram stelpur frá 1975 eða spila sjálf á gítar.

## Skref 4

- Hver hópur gerir kröfuspjald með sitt eigið slagorð í anda kvennafrídagins 1975 sem enn er mikilvægt og má enn berjast fyrir í dag. Ef hópur er alveg hugmyndasnaudur má hann draga stikkorðamiða sem hann á að vinna með.
- Verkefnalýsing til nemenda: Framan á spjaldið fer grípandi slagorð (2-3 kröftug orð eða stutt setning). Aftan á fer ykkar útskýring á slagorðinu. Hvers vegna er þetta mikilvægt málefni? Hverju þarf að breyta eða hvað þarf að laga? Getið þið komið með dæmi sem lýsir ástandinu sem þið eruð ekki sátta við?

## Aukaverkefni

- Ef hópur klárar sitt kröfuspjald fær hann stikkorðamiða og spilar með þeim einfalda útgáfu af Alias. Nemi dregur stikkorð sem hann reynir að lýsa án þess að segja nákvæmlega hvað stendur á miðanum. Hinir giska. Þegar allir hafa fengið tækifæri til að draga miða má setja þá aftur í púkk og leika sömu miðana. Þetta reynir ekki eins mikið á leikhæfileikana þegar vitað er nokkurn veginn hvaða orð er verið að leika. Í þriðju umferð mætti leika orðið á miðanum bara með höndunum eða svipbrigðum.

# Baráttan sem breytir heiminum: kosningaréttur og kvennafrídagurinn: Æfing 6

→ Kosningaréttur 1915 (40 mín.) framkvæmd

## Hoefniviðmið

- Að nemandi öðlist grunnþekkingu á sögu kvennabaráttu á Íslandi.
- Að nemandi tengi við málefni þessa tíma og hverju er mikilvægt að vinna að í dag til að auka jafnrétti.
- Að nemandi skilji hvernig megi hafa áhrif í átt til breytinga og þekki baráttuaðferðir sem má beita til að auka jafnrétti.

## Gögn

- Spjaldtölvur (tveir nemar saman)
- Blað með spurningum sem nemendur eiga leit svara við (sjá rafrænt á heimasíðu)
- Vefur um konur og stjórnmal á vegum Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafn: <http://www.konurogstjornmal.is>

## Lykilhugtak: Jafnrétti kynjanna (e. gender equality)

Kringumstæður þar sem konur og karlar njóta sömu réttinda og tækifæra þannig að hegðun, væntingar, óskir og þarfir kvenna og karla eru jafnmikils metnar. Jafnrétti kynjanna þýðir að kynin séu jafn sjáanleg í samfélaginu, jafn valdamikil og taki þátt í opinberu og einkalífi í jöfnum hlutföllum. Samkvæmt íslenskum lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, á að gilda jafnrétti á Íslandi. Markmið laganna er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum samfélagssviðum. (Úr orðabók jafnréttisstofu).

## Skref

- Kennari opnar vefinn konur og stjórnmal og sýnir nemendum á skjávarpa. Vefurinn er gerður af Landsbókasafni og er vandaður og skemmtilegur. Kennari sýnir undirskriftalista (kennari getur t.d. sýnt undirskriftir frá ykkar landshluta, eða sýnt að konur voru að krefjast þess að fá kosningarétt og þær fengu hann loks árið 1915.
- Nemendur fá spjaldtölvur eða tölvur og skoða vefinn sjálf eða 2-3 saman (eftir fjölda spjaldtölva). Nemendum er sagt að kanna sérstaklega hvað gerðist fyrir árið 1915 þegar konum var veittur kosningaréttur. Leita svara við þessu: Hvaða aðferðum var beitt til að berjast fyrir því að konur fengju jafnan rétt á við karla? Finnið dæmi um:

### • Fyrirlestur

- Hver
- Hvenær
- Hvers vegna (málefni)

### • Greinaskrif (tímarit eða dagblað)

- Hver
- Hvenær
- Hvers vegna (málefni)

### • Aðrar aðferðir

- Hver
- Hvenær
- Hvers vegna (málefni)

- Þegar flestir hafa lokið við að finna svör ræðir kennari hvað nemendur fundu á vefnum.



# NÁMSMAT

Barátta sem breytir heiminum

D - Uppfyllir ekki kröfur

C – Nemandi þekkir einhver málefni kvennabaráttu og baráttuaðferðir.

B- Nemandi hefur skilning á málefnum kvennabaráttu og getur lýst baráttuaðferðum.

A – Nemandi hefur góðan skilning á málefnum kvennabaráttu og getur á greinargóðan hátt lýst baráttuaðferðum.

## Rökstuðningur

Kvennabaráttu á margt sammerkt með jafnréttisbaráttu annarra hópa. Konur glíma við margþætta mismunun enda segir sig sjálfst að helmingur mannkyns er fjölbreyttur hópur. En kvennabaráttu hefur sína sérstöðu. Guðmundur Hálfánarson (2005) hefur lýst því að í baráttunni fyrir útvíkkun á kosningarétti mátti sjá þann rökstuðning fyrir því ójafnrétti sem vinnumenn máttu þola að hafa þá ekki full borgaraleg réttindi og kjörgengi, að vinnumaðurinn íslenski átti að sætta sig við tímabundið ófrelsi í þeirri vissu að hann yrði síðar sjálfstæður bóndi. Guðmundur bendir á að þessi réttlætning mismunarins átti illa við konur og útilokun þeirra frá kosningarétti, því hvernig áttu þær að vinna sig frá kynferði sínu. Mismunun í garð kvenna og útilokun þeirra var því réttlætt með því að hún væri byggð á náttúrulegum forsendum. Vegferð kvennabaráttunnar frá útilokun til jafnréttis er vörðuð mörgum merkjum áföngum en baráttunni fyrir sjálfræði kvenna er ekki lokið. Við sem búum í ríku og friðsælu landi eins og Íslandi búum við töluverð forréttindi. En verkefnið á að undirstríka að meira að segja á Íslandi, sem hefur verið í efstasæti yfir lönd þar sem jafnrétti kynjanna stendur hvað best, þá þrífst enn misrétti og enn er útilokun kvenna frá fullri þátttöku og stjórnun samfélagsins réttlætt með vísun í náttúru og eðli kvenna sem er þá andstæð eðli karlmanna.

Fjöldahreyfingar kvenna hafa barist fyrir jafnrétti og virðingu kvenna í meira en 100 ár og hefur sú barátta verið háð á mörgum sviðum; Í skólakerfinu, á vinnumarkaði, á sjónvarpsskjánum, í heimi íþróttanna, á Alþingi, inni á heimilunum og eiginlega í öllum kimum samfélagsins. Kvennabaráttan á Íslandi hefur haldist í hendur við baráttu kvenna víða um heim. Íslenskar konur hafa sótt sér fyrirmyndir utan úr heimi og fengið hugmyndir til dæmis frá Súffragettum í Bretlandi í upphafi 20. aldar og frá feministum í Bandaríkjunum um 1970. Jafnréttisbaráttan er enn í fullu fjöri og tekur sífellt á sig nýjar myndir með nýjum baráttuaðferðum. Tilgangur verkefnisins er að skoða sögulega áfanga í íslenskri kvennabaráttu með þeim augum að enn er verk óunnið. Markmiðið er að þjálfu getu til aðgerða og sýna að réttindi og þjónusta sem við höfum í dag eru tilkomin vegna aðgerða fólks sem lét sig málið varða. Heimurinn er verkefni í mótun, málverk sem enn er verið að mála og það borgar sig að reyna að hafa áhrif á útkomuna

Guðmundur Hálfánarson. (2005). Kosningaréttur kvenna og afmörkun borgararéttar: umræður um þátttöku og útilokun í íslenskum stjórnámum. Í Auður Styrkarsdóttir og Kristín Ástgeirsdóttir (ritstjórar). Kosningaréttur kvenna 90 ára: erindi frá málþingi 20. maí 2005 (bls. 22-42). Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands: Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafnræðum.

Herdis Helgadóttir. (1996). Vaknaðu kona: barátta rauðsokka frá þeirra eigin sjónarhóli. Reykjavík: Skjaldborg.

# Þetta er ekki æfing: hópverkefni

## Hæfniviðmið

- Að nemandi geti aflað sér, metið og hagnýtt upplýsingar um samfélagsmálefni í margvíslegum gögnum og miðlum.
- Að nemandi auki skilning sinn á því þjóðfélagi sem hann lifir í.
- Að nemandi temji sér þá hugsun að hann geti mótað það umhverfi sem hann lifir í og noti áhrifaríkar aðferðir sem geta leitt til breytinga.

## Gögn:

- Klípusaga til að lesa upp, blað með tillögum að verkefnum, leiðbeiningablað fyrir hópvinnu, eitt blað á hóp, spjaldtölva eða tölva fyrir hvern hóp, skúffa eða kassi fyrir hvern hóp.

## Kveikja og klípusaga (20 mín.)

### Skref 1

Kennari safnar nemendum saman í heimakrók og kveikir áhuga nemenda á hópverkefni með því að ræða ímyndað dæmi, klípusögu.

**Einn mánudagsmorgunn þegar Gunnar kennarinn í 6-GK kom inn í stofuna og bauð góðan daginn sá hann strax að það var eitthvað í gangi. Bekkjarsystkinin stóðu öll í hóp og voru að ræða saman og Gunnar sá að þeim var heitt í hamsi. Gunnar spurði hvað gengi á og ein stelpa í bekknum (Magdalena) sagði frá því að hún hefði heyrt að það ætti að fara að setja reglur í skólanum um að stelpur ættu að ganga í pilsu og strákar í skyrtu og bindi. Magdalena sagði að þeim litist ekkert á þessar reglur og þau væru mjög óánægð og vildu fá svör. Gunnar kinkaði varlega kalli og sagði að hann hefði líka frétt af því að það ætti að fara að setja reglur en það væri líklega ekki fyrir en á næsta skólaári. Börnunum í bekknum fannst þetta ekki góðar fréttir, þau töluðu öll í einu og sumir sögðu að þetta væru fjaránlegar reglur. Gunnar sá að hann fengi engan vinnufrið í bekknum fyrir en þetta mál væri leyst og það nemendur að koma með hugmyndir. Hvað getum við gert til að reyna að hafa áhrif á málið?**

### Skref 2

- Kennari leitir eftir hugmyndum: **Hvað mynduð þið gera? Vitið þið um einhverjar leiðir eða aðferðir til að hafa áhrif?** Kennari reynir að fá uppúr nemendum sem flestar árangursríkar aðferðir við að ná eyrum fólks og koma skilaboðum á framfæri. Kennari þarf að ná kjarnanum og skrifa stikkorð á stórt blað. (Kennari notar þessar hugmyndir til að setja í leiðbeiningar fyrir hópvinnu).
- Þegar aðeins er liðið á umræðuna gæti kennari bent á að það er mikilvægt að bekkurinn hennar Magdalenu komi með góð rök og lýsi því af hverju þau eru ósátt við þessa reglur, það er ekki nóg að segja bara að þær séu fjaránlegar. **Hvaða rök gætu nemendur í 6-GK sett fram?**

## Nemendum komið af stað í hópvinnu og verkefni fundin (20 mín.)

### Skref 3

- Kennari útskýrir að þau séu að fara að vinna að verkefni 3-4 saman þar sem þau eigi að skoða málefni sem er þeim hugleikið og reyna að finna leiðir til að hafa áhrif og bæta málin. Kennari reynir eftir fremsta megni að fá tillögur frá nemendum, minnir á þjálfunarverkefnin ef það kom eitthvað fram í þeim sem vakti áhuga nemenda. Kennari þarf að fá tillögur að 5 verkefnum og best er að þau komi frá nemendum. Ef engar hugmyndir koma frá nemendum sem mögulegt er að nota getur kennari dreift blaði með tillögum að hópvinnu-verkefnum eða stungið gætilega uppá nokkrum vel völdum verkefnum af listanum (sjá heimasíðu).
- Þegar nokkrar góðar hugmyndir eru komnar má fara að raða nemendum í hópa og finna hverjir vilja vinna að hvaða verkefni. Ef margir vilja sama málefnið má skipta hópnum í tvennt.

### Skref 4

- Hóparnir hefja vinnu að sínu verkefni. Þegar sjálfstæð hópavinna hefst á kennari að vera á hliðarlínunni.
- Kennari gefur hverjum hópi blað með leiðbeiningum (sjá rafrænt á heimasíðu) og útskýrir. Kennari getur gefið hverjum hópi skúffu eða kassa undir gögn, gott er að hafa tölvu eða spjaldtölvu fyrir hvern hóp til að leita upplýsinga.
- Í byrjun hópavinnu er málefnið rannsakað og upplýsinga aflað, nemendur þurfa síðan að setja á blað öll möguleg rök og ræða hvernig þau ætla að hafa áhrif á málið eða miðla sínum skoðunum.
- Gott er að sýna nemendum námsmatið svo að þau skilji til hvers er ætlast af þeim.
- Kennari þarf að vera til aðstoðar við að afmarka verkefnin, einhverjir hópar gætu þurft að minnka umfangið, aðrir að bæta við fleiri þáttum til að skoða.

# Leiðbeiningar fyrir hópvinnu

Við heitum:

Við ætlum að skoða:

**Allir í hópnum verða að hafa hlutverk og skiptast á (bætið inn ykkar eigin hlutverkum ef þið eruð vön hópvinnu)**

- Ritari – Skráir niður upplýsingar
- Stjórnandi – Sér til þess að allir taki þátt og hafi hlutverk
- Gáfnaljós – Kemur með hugmyndir um hvað á að gera
- Leitari – Finnur upplýsingar í tölvu
- Skapari – Sér um útlitshönnun, teiknar, skreytir eða setur upp

**Hvar get ég leitað upplýsinga og fundið rök?**

- Í alls konar bókum
- Á netinu:
- google.is
- ruv.is
- is.wikipedia.org
- youtube.com
- Spyrja þabba og mömmu
- Í dagblöðum og tímaritum
- Hlusta / horfa á fréttir

**Annað:**

Árangursríkar aðferðir til að ná eyrum fólks og hafa áhrif á málið

Insert: Hér setur kennari inn hugmyndir frá nemendum eftir klípusögu

# Tillögur að verkefnum fyrir hópvinnu

- Hvað gerist ef margir taka sig saman um að brjóta óskrifaðar reglur? Hér er frétt um franska stráka sem mættu í pilsí í skólann til að styðja jafnrétti. Hvað myndi gerast ef allir strákarnir í bekknum myndu mæta í pilsí í skólann? Hvernig væri þeim tekið?
- Hvað gera stelpur í Afganistan sér til skemmtunar? Örugglega margt og sumar æfa hjólabretti. Á Íslandi hefur líka verið gert átak í að kynna hjólabretti fyrir stelpum sjá [mbl.is](http://mbl.is) og [youtube.com](http://youtube.com)
- Rannsakaðu óskrifaðar reglur um stráka og stelpur. Hvað mega strákar ekki gera og hvernig eiga stelpur að haga sér? Hvað gerist ef margir taka sig saman um að brjóta reglurnar?
- Eru alltaf fleiri strákar en stelpur í barnaefni sjónvarpsins? Farið á [ruv.is](http://ruv.is) og veljið teiknimyndir. Teljið strákana og teljið stelpurnar.
- Stenst uppáhalds bíómynd þín Bechdel prófið eða fellur hún? Hvað er Bechdel prófið? Það er afar einfalt próf. Googlaðu „Hvað er bechdel“ og finndu spurningarnar þrjár sem bíómyndin verður að standast.
- Hvað finnst strákum og stelpum gaman að gera í Strumpalandi? Ha, er bara ein stelpa í öllu Strumpalandi en 100 strákar? Er það ekki eitthvað skýtinn heimur? Hvað finnst þér?
- Farið í vettvangsferð um hverfið, skoðið karla konur á skiltum og umferðarmerkjum. Hvort eru fleiri karlar eða konur? Skoðið nöfn á póstkössum, hvort eru konur eða karlar efst í röðinni?
- Hvernig eru pabbar og mömmur í auglýsingum, hvað gera pabbar og hvað gera mömmur? Berðu saman við þína fjölskyldu. Gefa auglýsingar raunsanna mynd af fjölskyldum?
- Hetjur í teiknimyndum og bíómyndum. Finnið bæði strákahetju og stelpuhetju og fjallið um hana.

- Stofnaðu félag um mikilvægt málefni. Skrifaðu stefnuyfirlýsingu félgsins (e. Manifesto).
- Skoðaðu áhugaverðar kvennahreyfingar í sögunni t.d. á konurogstjornmal.is eða wikipediu.
- Skoðaðu grasrótarsamtök sem berjast fyrir mikilvægu málefni. Hverju vilja þessi samtök til dæmis breyta: Líkamsvirðing, Stelpur rokka sumarþúðir. Er femínistafélag í skólanum þínum?
- Námsbækur eru gagnrýndar fyrir að fjalla lítið um konur, börn og fólk sem hafði ekki mikil völd Hvernig er þetta í þínum sögubókum? Er fjallað um eitthvað annað en það sem virðulegir karlar voru að gera?
- Finndu gamla ljósmynd af börnum eða fátæku fólki við störf. Rannsakaðu og lýstu myndinni og hvað getur myndin sagt okkur um líf karla, kvenna eða barna á þessum tíma. Leitarorðið óþekkt eða börn gefur oft góðar niðurstöður: Ljósmyndasafn Austurlands, Ljósmyndasafn Akraness, Sarpur.is, myndasafn.skagastromd.is, myndasafn.isafjordur.is.
- Gerðu könnun. Hvort búa strákar eða stelpur við meira frjálssræði? Leyfa foreldrar strákum meira en stelpum? Það má skoða útivistartíma (ótakmarkað, þarf að vera komin heim kl. 8, 9 eða 10) og tölvutíma (ótakmarkað eða 30 mín. á dag eða....), háttatíma (oftast að háttá kl. 9 eða oftast kl. 10 eða...). Gott er að miða við virka daga frekar en um helgi.
- Gerðu könnun. Fá stelpur og strákar í skólanum þínum jafnmikinn vasapening? Reyndu að safna eins mörgum þátttakendum og þú getur í skólanum öllum.
- Hvernig verður samfélag framtíðarinnar? Verður meira jafnrétti?
- Hvernig geta börn í dag undirbúið sig fyrir framtíðina til að verða sjálfbjarga og fær í flestan sjó?

# NÁMSMAT

Þetta er ekki æfing	D einkunn	C einkunn	B einkunn	A einkunn þýðir að hópurinn
Samstarf	Uppfyllir ekki kröfur			Sýndi mjög góða hæfni við að leysa mál og taka ákvarðanir saman. Hæfileikar allra nýttust vel.
Málefni	Uppfyllir ekki kröfur			Undirbjó sig vel og setti fram skýr rök. Verkefnið var úthugað og snjallt.
Miðlun	Uppfyllir ekki kröfur			Náði vel til fólks og notaði áhrifaríkar og skapandi aðferðir.

## Rökstuðningur

Markmiðið með þessu verkefni er að skapa rými fyrir nemendur til að móta sitt sjónarhorn og að láta rödd sína heyrast, temja sér ekki að þískra og gera ráð fyrir að geta engu breytt, heldur koma skilaboðum sínum á framfæri á opinberum vettvangi, fyrir allan bekkinn eða árganginn, skólann, foreldrahópinn, hverfið eða samfélagið. Verkefnið snýst um að breyta heiminum, finna sér efni, rannsaka og finna sniðugar leiðir til að hafa áhrif. Unnið er samkvæmt hópinnuáæfingum sem lýst er í Litróf kennsluáæfinganna (2013) og kölluð er efniskönnun í vinnuhópum. Í stuttu máli er unnið eftir þessu ferli: Verkefnið er kynnt og afmarkað, nemendum er skipað í hópa, síðan hefst undirbúningur og vinnureglur ræddar, síðan er upplýsinga aflað og unnið úr heimildum, loks eru niðurstöður kynntar og ræddar. Það er gott að hafa litrófið við hendina til að lesa nánar um þetta ferli. Nemendur hafa þekkingu og reynslu til að byggja á. Þjálfunarverkefnið hér á undan eiga að hafa gefið þeim verkfæri til að vinna saman og skoða þá þjálfun sem strákar og stelpur fá. Nemendur ættu að geta litið gagnrýnum augum á staðalmyndir og verið sæmilega læsir á fjölmiðla og fyrirmyndir. Þau ættu að þekkja nokkrar árangursríkar aðferðir kvennabaráttu liðinna ára og nú er tækifærið til að framkvæma og leika sér að því að trufla ríkjandi viðmið og láta rödd sína heyrast.

Ingvar Sigurgeirsson. (2013). Litróf kennsluáæfinganna. Reykjavík: Iðnú.